



Meginverkefni og áherslur á sviði lönaðar- og viðskiptamála 2003-2005

Stefnumið og framkvæmdir

**Valgerður Sverrisdóttir
Lönaðar- og viðskiptaráðherra**

**Reykjavík
Febrúar 2005**

Efnisyfirlit

Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra	2
Starfsumfang iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis	3
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar	3
Fjölbreytni atvinnulífsins aukin og samkeppnisstaða Íslands bætt.....	4
Búseta á landsbyggðinni treyst.....	7
Auðlindir þjóðarinnar nýttar skynsamlega	9
Leikreglur viðskiptalífsins bættar	12

Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku efnahags- og atvinnulífi á undanförunum árum. Hvarvetna má heyra fréttir af íslenskum kaupsýslumönnum sem standa í miklum fjárfestingum, jafnt hér á landi sem erlendis. Er þetta ekki síst að þakka breytingum sem gerðar hafa verið á skipulagi efnahagsmála hér á landi og má þar m.a. nefna að stjórnvöld hafa mótað almennan ramma um starfsemi fyrirtækja, eftt samkeppniseftirlit, innleitt frelsi á fjármagnsmarkaði ásamt því að hafa styrkt stoðir íslensks atvinnulífs.

Stutt er í að útflutningstekjur þjóðarinnar muni byggjast á þremur nokkuð jöfnum stoðum sem er mikil breyting frá því sem áður var. Þessar stoðir eru ál og iðnaðarvörur, sjávarafurðir og loks þjónustugreinar tengdar flutningum, ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu. Miklu skiptir fyrir þjóðarhag að efla þessar meginstoðir. Ekki skiptir síður máli að stjórnvöld hafa beitt sér sérstaklega við uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Má þar nefna atvinnugreinar eins og kvikmyndagerð, líftækni og hugbúnaðargerð.

Skipulagsbreytingar á borð við þær sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir síðustu ár og árangurinn af þeim endurspeglast í samkeppnishæfni þjóðarinnar. Árið 2000 var Ísland í tíunda sæti á lista yfir samkeppnishæfni þjóða en í dag erum við í fimmta sæti og því ljóst að samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs er í fremstu röð meðal auðugustu og framsæknustu þjóða heims.

Í september árið 2004 var mér falið að fara með norræn samstarfsmál af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Á því ári fóru Íslendingar með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og leiddu starf fagráðherranefnda og embættismannanefnda. Leiðarstefin í formennskutíð okkar voru þrjú, lýðræði, menning og náttúra. Þau verða ekki skilin hvert frá öðru, enda þjóðfélag og menning manna verk og skynsamleg nýting náttúruauðlinda ógerleg án hugvits og þekkingar.

Mörg fjölbreytt og krefjandi verkefni eru til umfjöllunar í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Ég hef sett fram fjögur meginmarkmið í starfsemi ráðuneytisins á tímabilinu 2004-2007. Þau eru:

- Að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands
- Að treysta búsetu á landsbyggðinni
- Að nýta auðlindir þjóðarinnar skynsamlega
- Að bæta leikreglur viðskiptalífsins

Markmiðið með samantekt þessari er að gefa lesendum yfirsýn yfir helstu áherslumál mín sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra ásamt því að veita yfirlit yfir framkvæmdir á vegum ráðuneytisins það sem af er á þessu kjörtímabili fyrstu ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar.

Valgerður Sverrisdóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Starfsumfang iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis

Samkvæmt reglugerð nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands og ákvæðum í sérlægum fer iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með fjölmarga málaflokka. Má þar nefna nýsköpun og tækniþróun, iðnað og stóriðju, orkumál, nýtingu auðlinda, byggðamál, atvinnuþróun, hugverkaréttindi, staðla, verslun og viðskipti, fjármálamarkað, fjárfestingar erlendra aðila, samkeppnismál og neytendamál.

Framþróun og endurbætur í þessum málaflokkum hafa verið miklar á undanförunum árum. Fjármálamarkaður hefur gjörbreyst, markvisst hefur verið unnið að því að draga hið opinbera úr samkeppnisrekstri, leikreglur atvinnulífsins hafa verið bættar sem aftur örvar samkeppni og hvetur fyrirtæki til hagræðingar og nýsköpunar, almennt eftirlit hefur verið gert skilvirkara, erlend fjárfesting hefur aukist, nýsköpunarmiðstöðvar hafa verið eflar, leitast hefur verið við að styrkja ákveðna byggðakjarna, endurbætur hafa verið gerðar á samkeppnislögum, neytendavernd hefur verið eflar og svo má lengi áfram telja.

Árangur þessara skipulagsbreytinga má meðal annars sjá í því að Íslendingar eru nú fremstir Evrópuþjóða hvað samkeppnishæfni varðar, samkvæmt virtri alþjóðlegri könnun, og í 5. sæti sé litið til þjóða heims. Fyrir aðeins tíu árum síðan voru Íslendingar í 25. sæti yfir samkeppnishæfni þjóða heims og í 13. sæti ef litið var til Evrópu. Á sama tíma má sjá stóraukna erlenda fjárfestingu hér á landi og auknar fjárfestingar Íslendinga utan landsteinanna. Samhliða hefur gróska fyrirtækja og frumkvöðla á innlendum markaði aukist til muna. Í heildina litið má segja að Ísland og Íslendingar séu stöðugt að auka þátttöku sína í alþjóðavæðingu heimsins, á grunni bættra starfsskilyrða og aukinnar samkeppnishæfni. Þetta hefur skilað sér í aukinni verðmætasköpun, atvinnu og bættum lífskjörum.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar koma fram mörg áhersluatriði sem falla undir verksvið iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Helstu atriði sem vinna skal að á kjörtímabilinu eru eftirfarandi:

- Að tryggja að öflug samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífsins til hagsbóta fyrir neytendur.
- Að styrkja rannsókn- og þróunarstarf, m.a með því að auðvelda fyrirtækjum að leggja fé til þess og örva þannig frumkvöðlastarfsemi. Í samræmi við ný lög um Vísinda- og tækniráð verði unnið að markvissri uppbyggingu rannsóknastarfsemi og nýsköpun á sem flestum sviðum.
- Að hvetja fyrirtæki og opinberar stofnanir til að vinna að jafnréttismálum. Gengist verði fyrir rannsóknnum á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og áfram unnið að því að jafna launamun kynjanna.
- Að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.
- Unnið verði að uppbyggingu byggðakjarna í samræmi við byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi á síðasta kjörtímabili.
- Haldið verði áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni og áhersla lögð á að hagsmunir landsins felast í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar og gagnkvæmum skilningi.
- Að lokið verði við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þannig að heildstætt yfirlit fáiast yfir nýtingarmöguleika landsmanna á þeim miklu verðmætum sem felast í beislun orku. Orkulindir hvers landsvæðis verði nýttar af skynsemi til að byggja upp atvinnu og efla mannlíf. Áhersla verði lögð á að saman fari nýting orkulindanna og náttúruvernd.
- Stefnt skal að frekari áföngum í vetnisvæðingu þjóðarinnar og að í framtíðinni byggist orkunotkun landsmanna á endurnýtanlegum orkugjöfum og verði þannig sjálfbær.

Fjölbreytni atvinnulífsins aukin og samkeppnisstaða Íslands bætt

Nýsköpun er ein helsta forsenda þess að unnt sé að auka fjölbreytni og bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Hún byggist fyrst og fremst á getunni til að afla þekkingar og hagnýta sér hana. Í nýsköpun felst m.a. að til verði ný afurð, framleiðsluaðferð eða þjónusta. Ekki skiptir minna máli að nýsköpun getur átt sér ýmsar fleiri orsakir, eins og framsækna hönnun, menningarverðmæti, umbætur á innra skipulagi, breyttar markaðsaðstæður og fjölmargt annað. Á þetta hefur ráðherra lagt vaxandi áherslu í starfi sínu.

Með því að skipuleggja upp á nýtt opinberan stuðning við nýsköpun og tækniþróun í þágu atvinnulífsins og með stofnun Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarmiðstöðvar hafa orðið veigamiklar breytingar á þeim aðstæðum sem atvinnulífið býr við. Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki á frum- og þróunarstigi hefur aukist mjög. Markmiðið er að unnt verði að veita stuðning við verkefni allt frá því að viðskiptahugmynd kviknar og þar til hún er orðin að veruleika og markaðshæf í sinni fyrstu mynd og framtakssamir fjárfestar geta látið til sín taka við að leiða verkefnið til lykta.

Sífelld er fylgst með almennum starfsskilyrðum atvinnulífsins. Mikilvægt er að þau taki mið af örri þróun alþjóðaviðskipta og stuðli að sem bestri samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

- **Vísinda- og tækniráð.** Stefnumótun ríkisins í málefnum vísinda- og tækniþróunar var til skamms tíma á hendi fagráðuneyta sem hvert fyrir sig einbeitti sér fyrst og fremst að eigin málefnasviði án tillits til samfelli við málefni annarra ráðuneyta eða með nægilegri yfirsýn til að geta gætt heildarhagsmuna. Með lögum um Vísinda- og tækniráð sem tóku gildi á árinu 2003 er þessi stefnumótun felld undir eina yfirstjórn forsætisráðherra. Vinna við stefnumótunina fer fram í tveimur nefndum, vísindanefnd sem er á forræði menntamálaráðherra og tækninefnd sem er á forræði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur lengi sinnt tækniþróun og nýsköpun sem ekki fellur beint undir forræði annarra fagráðuneyta enda hefur þróun atvinnulífsins í auknum mæli fallið utan þeirra ramma.
- **Tækniþróunarsjóður.** Nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, varð til árið 2004. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóður er rekinn af Rannís samkvæmt samningi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Hann mun gegna veigamiklu hlutverki við fjármögnun nýsköpunarverkefna og brúa það bil sem verið hefur á milli gömlu Rannís-sjóðanna og aðkomu framtaksfjárfesta. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2004 en þá voru 200 milljónir kr. til ráðstöfunar. Framlag til tækniþróunarsjóðs úr ríkissjóði mun fara stigvaxandi og miða áætlanir að því að 500 milljónir kr. verði til ráðstöfunar úr sjóðnum árið 2007.
- **Nýsköpunarmiðstöð.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fer með það veigamikla hlutverk að fólstra nýsköpun atvinnulífsins. Þar liggja til grundvallar afurðir vísindasamfélagsins og fyrirheit um efnahagslegar framfarir og almenna velferð. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur tvö verkfæri til þessa vandasama verks. Annars vegar er um að ræða Nýsköpunarmiðstöð sem rekin er hjá Iðntæknistofnun og hins vegar Tækniþróunarsjóð. Verkefni Nýsköpunarmiðstöðvarinnar í hnotskurn er að hlúa að nýsköpun atvinnulífsins á sem bestan hátt og vera tengiliður frumkvöðla og lítilra og meðalstórra fyrirtækja við vísindasamfélagið annars vegar og framtaksfjárfesta hins vegar. Þar eru rekin sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja. Á Nýsköpunarmiðstöðinni er rekið frumkvöðlasetur sem getur tekið við nýjum hugmyndum, miðlað til þeirra nauðsynlegru sérfræðiaðstoð og aðstoðað við þróun þeirra í söluhæfar afurðir eða þjónustu. Miðstöðin tekur mið af örri þróun tæknigreina og vaxandi áhrifum þeirra á atvinnulífið. Þessi þróun kallar á ný viðhorf í vísindarannsóknum og hvers konar opinberum stuðningi við atvinnulífið. Opinberar stofnanir þarf að laga að þróuninni og beita nýjum aðferðum sem skila afgerandi áhrifum

á skömmum tíma. Starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar tekur mið af þessum breytingum og er hún því algerlega óháð atvinnugreinum.

- **Sameining stofnana.** Unnið hefur verið að endurskilgreiningu á skipulagi starfshátta opinberra rannsóknastofnana. Markmiðið er að auka bolmagn íslenskra rannsóknæininga, auka árangur af starfi þeirra og tryggja að starfskraftar og fjármunir nýtist sem best. Áhersla hefur verið lögð á að nálgast viðfangsefnið út frá málefnum en ekki út frá hagsmunum einstakra stofnana eða ráðuneyta. Á grundvelli þessa er unnið að sameiningu matvælarannsóknna í eina stofnun en þær tilheyra nú fjórum stofnunum, m.a. Iðntæknistofnun. Þá hefur einnig verið unnið að sameiningu tæknirannsóknna á einn stað en undir þá skilgreiningu fellur starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Hluti þessa er mat á því hvernig tengslum slíkrar tæknistofnunar við Tækniskóla Íslands, Háskóla Íslands og aðra háskóla og iðnfyrirtæki verði best fyrir komið. Reiknað er með að frumvarp um nýja tæknirannsóknastofnun verði lagt fram á Alþingi á þessu ári en nú er unnið að greiningu verkefna og kostnaðarmati.
- **Nýjar áherslur í rannsóknum og nýsköpun.** Meðal verkefna sem iðnaðar og viðskiptaráðuneytið telur að ný tækniþróunarstofnun þurfi að sinna eru rannsóknir og nýsköpun á sviði örtækni. Örtækni (nanotækni) er í örri þróun víða um heim og mun snerta þróun atvinnulífs hér á landi sem annars staðar. Mikilvægt er að íslenskt rannsóknarumhverfi taki þátt í þessari framþróun. Að undanförmu hafa myndast skilyrði til að það geti gerst í samstarfi háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja sem bundist hafa samtökum í svokölluðum „örtæknivettvangi“. Með því að beita starfskröftum og fjármagni á markvissan hátt er hægt að efla innviðina á þessu þekkingarsviði hér á landi. Vísinda- og tækniráð hefur samþykkt að á næstu þremur árum verði örtækni sérstakt áherslusvið í rannsóknum ásamt erfðafræði í þágu heilbrigðis. Þar mætast hagsmunir sem varða starfssvið margra ráðuneyta og líklegt er að margfeldisáhrif geti orðið veruleg í samspili fyrirtækja og stofnana. Gert er ráð fyrir að þessi tvö fræðasvið njóti sérstakra fjárveitinga til að þau nái framgangi í samræmi við markmið Vísinda- og tækniráðs.
- **Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.** Tilkoma Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins 1998 var veigamikil skref til að styrkja stöðu nýsköpunar og vaxtarfyrirtækja hér á landi. Rekstur hans fyrstu þrjú árin gekk mjög vel en alvarlegur samdráttur sem varð í efnahagslífinu um heim allan á árinu 2000 og hrun tæknifyrirtækja því samfara hafði hvarvetna áhrif á afkomu framtaksfjárfesta. Á árunum 2001 og 2002 var Nýsköpunarsjóður nánast einn um að leggja fé í nýsköpun hér á landi en aðrir einbeittu sér að því að verja eldri fjárfestingar sínar. Síðustu þrjú árin hefur staða sjóðsins ekki verið góð og hefur ráðuneytið og stjórn sjóðsins sameiginlega leitað leiða til að auka getu hans. Vegur í því sambandi mest breyting á lögum sjóðsins sem heimilar honum að stofna sérstaka sjóða-sjóði með öðrum framtaksfjárfestum. Í þessu felst að Nýsköpunarsjóður getur lagt fé í sérstaka sjóði, t.d. með lífeyrissjóðum, til að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Lífeyrissjóðir hafa sýnt þessu áhuga enda sérþekkingu Nýsköpunarsjóðs á þessum frumstigsmarkaði ekki að finna innan vébanda þeirra.
- **Samstarf um hönnun.** Nýsköpun atvinnulífsins byggir á fleiri þáttum en vísindalegri þekkingu. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að fyrirtæki sem beita hönnun í þróun framleiðslu sinnar njóta betri afkomu en þau sem gera það ekki. Hér á landi er stór hópur hönnuða sem getið hefur sér góðs orðspors víða um heim og er ástæða til að efla starfsemi þeirra og tengja betur við framleiðendur en verið hefur. Til að svo verði hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið stofnað til samstarfs um hönnun með Samtökum iðnaðarins, Útflutningsráði Íslands, Iðntæknistofnun og Aflvaka. Vonir eru bundnar við að samstarf þetta geti leitt til stofnunar hönnunarmiðstöðvar sem nýtist við að efla samkeppnisstöðu Íslands.
- **Átak til atvinnusköpunar.** Átak til atvinnusköpunar er stuðningsverkefni á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og er farvegur fyrir styrkveitingar frá ráðuneytinu til frumkvöðla og smárra fyrirtækja. Veittir eru styrkir til verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu.

- **Alþjóðlegt samstarf á sviði vetnis.** Á umliðnum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Er stefnan í vetnismálum hluti af stefnu í orku- og umhverfismálum. Hluti af þeirri stefnu er að stuðla að því að Ísland geti verið alþjóðlegur vettvangur vetnisrannsókna. Stigin hafa verið mikilvæg skref á þessu sviði, s.s. með stofnun fyrirtækisins Nýorku, með aðild stjórnvalda, sem og erlendra stórfyrirtækja að verkefni sem gengur undir nafninu ECTOS og rekur 3 vetnisstrætisvagna í Reykjavík, og ekki síst með byggingu fyrstu vetnisstöðvar í heiminum en hún er staðsett á hefðbundinni afgreiðslustöð eldsneytis. Ísland gerðist einnig aðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi 15 ríkja á sviði vetnis sem ber heitið IPHE. Það starf sem unnið hefur verið á sviði vetnismála hér á landi undanfarin misseri vekur mikla athygli víða um heim, sem vel má sjá af fjölda fyrirspurna um málið og fjölda erlendra gesta sem komið hafa til Íslands til að kynna stefnu stjórnvalda í vetnismálum.
- **Nýjar áherslur í norrænu samstarfi á sviði atvinnumála.** Ísland var í formennsku norræna samstarfsins á árinu 2004. Veigamesta verkefnið á formennskuári Íslands var úttekt á stöðu tækniþróunar og nýsköpunar sem tengist stefnumótun um nánara samstarf á milli nýsköpunar annars vegar og framkvæmd rannsókna- og vísindastefnu hins vegar. Norrænu iðnaðarráðherrarir létu meta hver ávinningur gæti verið af því að samhæfa stefnumótun á þessum tveimur sviðum og er nýsköpunarbókin „Innovationsboken – nordisk innovationspolitisk samarbeidsprogram 2005–2010“ afrakstur þess. Þar er m.a. bent á að þrátt fyrir að nýsköpunarumhverfi á Norðurlöndunum sé smátt í sniðum þá hafi þar orðið til sérhæfð hátækni starfsemi á heims mælikvarða. Möguleikar séu á að bæta samkeppnisstöðu landanna enn frekar með því að efla samstarf, miðlun og samnýtingu þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Þannig geti t.d. orðið til netsamstarf á milli vísindamanna og rannsóknastofnana sem myndi einn þekkingarmarkað. Til þess að svo geti orðið þarf kerfisbundið að efla samstarfið og komast yfir ýmsar hindranir sem nú eru í vegi þess. Að því verður unnið.
- **Líftækniákvæði laga um einkaleyfi.** Nýlega var lögum um einkaleyfi breytt, aðallega vegna innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins um lögvernd uppfinninga í líftækni. Líftæknilíftækni um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði og nauðungarleyfi, sem og varðveislu líffræðilegs efnis. Ákvæði tilskipunarinnar hafa í för með sér að kveðið verður mun skýrar á um hvað sé einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað sé beinlínis undanskilið einkaleyfisvernd. Lögin hafa því að geyma ákvæði sem gera fyrstu greinar laganna mun nákvæmari hvað varðar uppfinningar á sviði líftækni. Tilskipunin kveður hins vegar ekki á um samræmingu á almennum skilyrðum við mat á einkaleyfishæfi, svo sem nýnæmi, frumleika og hagnýtingu í atvinnulífi.
- **Aðild Íslands að Evrópska einkaleyfasamningnum (EPC).** Ísland varð aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum 1. nóvember 2004 á grundvelli laga nr. 53/2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, svo og þingsályktunar þar að lútandi. Frá og með þeim tíma voru aðildarríki Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar orðin 29 talsins. Evrópska einkaleyfastofnunin er svæðisstofnun í skilningi hins alþjóðlega samstarfs-samnings um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty) sem Ísland er aðili að. Í samstarfs-samningnum felst að leggja má inn alþjóðlegar umsóknir sem sendar eru áfram til einstakra ríkja til skráningar. Markmiðið með Evrópska einkaleyfasamningnum er hins vegar að koma upp samræmdu einkaleyfakerfi í Evrópu sem geri það auðveldara, ódýrara og tryggara að fá einkaleyfi í aðildarríkjum. Staða og hlutverk Einkaleyfastofnunarinnar mun breytast við aðild og færast í átt til aukinnar þjónustu við umsækjendur og atvinnulíf. Þótt íslenskir aðilar geti nú þegar sent umsóknir beint til Evrópsku einkaleyfa-stofnunarinnar var talið eðlilegt að Ísland skipaði sér í sveit nágrannaríkja með aðild sinni að stofnuninni. Segja má að aðild að Evrópsku einkaleyfastofnuninni sé talin vísbending um að ríki hafi nútímalegt og aðgengilegt viðskiptaumhverfi. Slíkt getur skipt máli fyrir erlenda aðila sem hyggja á fjárfestingu hér á landi.
- **Lög um uppfinningar starfsmanna.** Lög um uppfinningar starfsmanna öðluðust gildi 1. janúar 2005. Markmið laganna, sem svipar mjög til löggjafar annars staðar á Norðurlöndunum, er í stuttu máli að setja réttarreglur um uppfinningar starfsmanna þar sem tekið er tillit til hagsmuna bæði atvinnurekanda og starfsmanns. Með setningu laganna næst að ekki er nauðsynlegt að aðilar semji um öll atriði sín á milli, t.d. um rétt

starfsmanns til uppfinningar sem hann kemur fram með, og framsalsrétt atvinnurekanda til uppfinningarinnar gegn sanngjörnu endurgjaldi.

- **Einkaleyfafrumvarp (samheitalyf).** Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi er gert ráð fyrir breytingu á 3. gr. laga um einkaleyfi til að taka af tvímæli um að íslenskir samheitalyfjaframleiðendur geti á einkaleyfistíma unnið að þróun og jafnvel skráningu samheitalyfja í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/27/EB frá 31. mars 2004 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um bandalagsbálk varðandi lyfjavörur ætlaðar mönnum en flest ákvæði tilskipunarinnar tengjast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að því er varðar leynd einkaleyfisgagna.

Búseta á landsbyggðinni treyst

Komið er fram á síðasta ár byggðaaætlunar 2002-2005. Einkunnarorð hennar eru: Þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar. Í því felst að grundvöllur byggðastefunnar er sú eindregna skoðun að menntun, hátt almennt þekkingarstig og nýsköpun í atvinnulífinu séu meginstöðir varanlegrar búsetu á landsbyggðinni og forsenda efnahagslegra framfara og félagslegrar velferðar íbúanna.

Í stefnumótun sinni tekur ráðherra mið af þeim verkefnum sem skilgreind eru í byggðaaætluninni og fram komu á Alþingi. Lögð er áhersla á gott samstarf við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefna á málefnasviði þeirra, enda nær byggðaaætlunin til flestra þátta samfélagsins.

Fjölbreytt atvinnulíf skiptir sköpum fyrir byggðapróunina. Ein meginforseta þess er menntun á öllum skólastigum og verður sérstök rækt lögð við fjarnám og starfsmenntun. Þá verður fyrirtækjum boðin aðstoð við að laga sig að hröðum breytingum í atvinnuháttum, m.a. við nýsköpun, þróun viðskiptahugmynda og endurbætur í rekstri sem aukið geta á fjölbreytni í starfsemi þeirra. Þessu markmiði á m.a. að ná með sérstökum stuðningsverkefnum sem taka á helstu þáttum er snerta starfsumhverfi fyrirtækja og eru til þess fallin að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Auk þessa verður áfram unnið að því að greiða götu fjárfesta sem áhuga hafa á því að byggja upp iðnað á landsbyggðinni, t.d. í tengslum við hagnýtingu innlendra orkugjafa.

- **Byggðaaætlun 2002-2005.** Komið er fram á síðasta ár byggðaaætlunar 2002-2005. Áherslur hennar eru nokkuð aðrar en í fyrri byggðaaætlunum og er fyrst og fremst lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og nýsköpunar. Markvisst þróunarstarf og nýting sóknarfæra í atvinnulífinu auk eflingar menntunar og menningar er áberandi. Framkvæmdin hefur að verulegu leyti byggst á samstarfi við önnur ráðuneyti enda tengjast byggðamál starfsemi allra ráðuneytanna á einhvern hátt. Tilgangurinn er að nýta sem best framlög til byggðamálefna með mótframlagi viðkomandi ráðuneytis. Þannig var t.d. gerður samningur við menntamálaráðuneyti um uppbyggingu menntunar og menningarstarfsemi. Hvort ráðuneyti hefur lagt 50 m.kr á ári í þrjú ár til þessa málaflökks eða samtals 300 m.kr. í fjöldamörg verkefni í öllum landshlutum. Af þeim má nefna háskólanámssetur á Egilsstöðum og á Ísafirði; fræðasetur á Húsavík; eflingu símenntunarstöðva, beitingu upplýsingatækni og fjarkennslu í grunnskólum á Vestfjörðum, sem og skráningu og miðlun menningarefnis. Gerð er nánari grein fyrir framkvæmd byggðaaætlunar í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra til Alþingis á haustþingi 2004.
- **Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.** Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri er ætlað að auka og efla nýsköpun og frumkvöðlastarf um land allt og vera framvörður í nýrri atvinnusókn á landsbyggðinni. Starfsemi miðstöðvarinnar greinist í þrjú meginvið: Stuðning við frumkvöðla, stuðningsverkefni fyrir fyrirtæki og þjónustu við atvinnuþróunarfélög sem ætlað er að styrkja atvinnulíf og byggð á starfssvæðum sínum. Við Nýsköpunarmiðstöðina á Akureyri hafa verið þróuð og rekin stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla og

fyrirtæki í rekstri, ráðgjöf veitt um stofnun fyrirtækja, gerð viðskiptaáætlana og um fyrstu skrefin í atvinnurekstri. Nýsköpunarmiðstöðin hefur staðið fyrir gerð fræðsluefnis um vörubrún, verkefnisstjórnun, markaðsáætlanir og klasasamstarf. Starfsemin byggir á faglegri þekkingu um rekstur, markaðsmál og tækniþróun. Iðntæknistofnun er faglegt bakland hennar en starfsemin í Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi Háskólans á Akureyri skapar aukin tengsl við aðra skylda starfsemi.

- **Vaxtarsamningar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði.** Með vaxtarsamningum er ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála færð til hagsmunaaðila í héraði. Vaxtarsamningar hafa verið gerðir um Eyjafjarðarsvæðið (2004) og í undirbúningi er gerð samnings fyrir Vestfirði (2005). Með þessum samningum sameinast heimamenn og hið opinbera um verkefni til að byggja upp atvinnutengda styrkleika svæðisins í samræmdri og skilvirkri sókn. Kjarni vaxtarsamninga er uppbygging svokallaðra klasa og tengslaneta á milli þeirra sem geta stuðlað að framgangi verkefna samstarfsins. Að þessu er unnið með því að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla svæðisbundna þekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Aðferðir taka mið af sambærilegum áherslum víða erlendis, m.a. í Finnlandi, Ítalíu og Bandaríkjunum. Gerð vaxtarsamninganna er eitt af stærri verkefnum núverandi byggðáætlunar en framkvæmd þeirra verður meðal stærri verkefna næstu áætlunar. Á grundvelli reglulegs mats verður ákveðið hvort fleiri svæðisbundnir vaxtarsamningar verða gerðir síðar. Í tengslum við gerð samninganna hefur farið fram umfangsmikið kynningar- og fræðslustarf um þýðingu og starfrækslu klasa sem leið til að virkja aðila til samstarfs og sóknar.
- **Þróunarsamstarf á sviði sjávarútvegs á Vestfjörðum.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti vinna sameiginlega að því að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði þorskeldis í sjókvíum við Ísafjarðardjúp og veiðarfærarannsóknir á Ísafirði. Til grundvallar liggja sameiginleg markmið ráðuneytanna um hagræðingu í atvinnulífni og aukin verðmæti afurða. Fyrirsjáanleg er aukin eftirspurn eftir fiskafurðum sem verður aðeins svarað með auknu fiskeldi. Rannsóknir í fiskeldi og fiskalífisfræði í tengslum við þorskeldi er samstarfsverkefni Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og fyrirtækja á Vestfjörðum. Rannsóknir á veiðarfærum tengjast m.a. verndun fiskistofna, hagkvæmni veiða og umgengni við náttúruna. Veiðarfærarannsóknir á vegum Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði eru til þess fallnar að efla rannsóknir og þróunarvinnu sem byggir á sérkennum og styrkleika atvinnulífsins á svæðinu.
- **Efling menningartengdrar ferðaþjónustu.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og samgönguráðuneyti vinna sameiginlega að eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Veruleg sóknarfæri eru talin vera á þessu sviði en það endurspeglar sérkenni og arfleifð Íslands og er vel til þess fallið að styrkja samkeppnisstöðu landsins á alþjóðlegum ferðaþjónustumarkaði. Einnig hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið stutt fjölþjóðleg verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. Verkefnin eru fjölbreytt og dreifð víða um landið. Tengjast þau m.a. Gísla sögu Súrssonar, Egilssögu, Grettissögu, Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal, Leifi heppna og víkingaskipinu Íslendingi.
- **Samstarf um líftækni.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og Háskólinn á Akureyri vinna saman að eflingu rannsókna og tækniþróunar í líftækni. Markmið samstarfsins er að styrkja rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri svo hann geti á varanlegan hátt eftir nýsköpun og atvinnubrún sem tengist líftækni og nýjum áherslum í sjávarútvegi og landbúnaði. Unnið hefur verið að því að koma á virku samstarfi milli þeirra sem vinna við líftækni í þágu íslensks atvinnulífs. Í því felst m.a. að skilgreina ný rannsóknaverkefni, tengja saman þá sem stunda rannsóknir og þróunarstörf, vinna umsóknir, annast gerð samninga, og verkefnastjórn. Á þessu ári verður varið 20 m.kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna sem uppfylla markmið samstarfsins. Einn verkefnisstjóri með þekkingu á nýsköpun og atvinnubrún stýrir netsamstarfinu. Starfsstöð hans er við Háskólann á Akureyri.
- **Þátttaka í nýsköpunarfyrirtækjum á landsbyggðinni.** Vegna skorts á áhættufjármagni fyrir nýsköpunarfyrirtæki var árið 2003 ákveðið að verja 350 m.kr. til kaupa á hlutfé í félögum sem eru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnubrún á landsbyggðinni.

Byggðastofnun sá um framkvæmd kaupanna. Auglýst var eftir áhugasömum fyrirtækjum sem uppfylltu fyrirfram sett skilyrði um þátttöku. Alls bárust 97 umsóknir um hlutafjárþátttöku stofnunarinnar, en keypt var hlutafé í 23 fyrirtækjum af öllu landinu.

- **Þátttaka í atvinnuskapandi stuðningsverkefnum.** Byggðastofnun var á árinu 2003 og 2004 falið að hafa frumkvæði að rekstri vel mótaðra stuðningsverkefna til að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Til þessa verks fékk stofnunin 150 m.kr. Til grundvallar þessarar ákvörðunar lá að getan til að takast á við veigameiri nýsköpunar- og framfaraverkefni er víða takmörkuð og þarf að byggja upp þekkingu á fjölmörgum sviðum til að unnt sé að sækja í t.d. opinbera samkeppnissjóði. Þá er þekkingu á nýsköpun og umbótum í fyrirtækjum víða ábótavant, t.d. varðandi gæðastjórnun og umhverfismál. Yfir 40 verkefni fengu stuðning en jafnhátt móttframlag kom frá viðkomandi samstarfsaðilum.
- **Ný byggðaaætlun.** Nú er unnið að gerð byggðaaætlunar fyrir tímabilið 2006-2009. Þar verður m.a. lögð áhersla á að efla landshlutakjarna á Ísafirði, Akureyri og Mið-Austurlandi. Framkvæmd vaxtarsamninga fyrir þessi landssvæði og e.t.v. fleiri verður umfangsmikil. Þeim fylgja margvísleg þróunarverkefni sem m.a. byggja á klasasamstarfi. Uppbygging og hagnýting þekkingar í þágu atvinnulífsins og félagslegrar velferðar verður í hávegum höfð en markmiðið verður að jafna og bæta lífskjör og skapa öllum landsmönnum hagstæð búsetuskilyrði.
- **Alþjóðlegt samstarf á sviði byggðamála NPP – NORA.** Alþjóðlegt samstarf á sviði byggðamála hefur verið eftt hér á landi sem er mikilvægt vegna breyttra aðstæðna og aukinnar alþjóðavæðingar. Árið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Norðurslóðaaætlun ESB (NPP). Áætlunin nær til norðlægra svæða í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Skotlandi, en einnig til Grænlands, Færeyja og Íslands. Þá eru Kanada og Rússland einnig aðilar að sumum verkefnum. Þetta er öflugasta samstarfsverkefni við Norður Atlantshaf á sviði byggð- og atvinnuþróunar. Markmiðið er að efla atvinnu- og efnahagslíf þessa svæðis með samstarfsverkefnum sem ná yfir landamæri. Ísland tekur einnig þátt í Norrænu Atlantsnefndinni – NORA. Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noregur. Markmiðið er að efla samstarf innan starfssvæðis NORA með því að styðja við atvinnu- og byggðapróunarverkefni. Fyrir stuttu var haldin ráðstefna á vegum NORA hér á landi, þar sem saman komu fulltrúar þjóða sem aðild eiga að NORA ásamt fulltrúum nágrannaþjóða þeirra, s.s. Skotlandi, Shetlandi, Nýfundnalandi og Nova Scotia. Kom þar fram verulegur áhugi þessara landa til að auka samstarf á svæðinu. Bæði í NPP og NORA hafa verkefni skilað góðum árangri.

Auðlindir þjóðarinnar nýttar skynsamlega

Ísland býr yfir miklu magni endurnýjanlegra orkulinda, jarðhita og vatnsorku, sem hafa að takmörkuðu leyti verið nýttar. Nýting þeirra er samt hvergi meiri en á Íslandi. Um það bil 72% af frumorkunotkun þjóðarinnar kemur frá endurnýjanlegum orkulindum. Hlutfall í raforkuvinnslu hefur undanfarinn áratug verið um 99,5% og við hitun húsnæðis er hlutfall þessara orkugjafa 99%. Til samanburðar hefur Evrópusambandið sett sér það markmið að hlutfall endurnýjanlegra orkulinda við raforkuframléiðslu verði 22% árið 2010.

Framleiðsla og útflutningur á áli og öðrum vörum orkufreks iðnaðar er í raun útflutningur á endurnýjanlegri íslenskrí orku. Hagvöxt undanfarinna ára má að stórum hluta rekja til erlendra fjárfestingar tengdri nýtingu innlendra orkulinda og reynslan sýnir að iðnaðarstarfsemi, sem byggir á nýtingu orkulindanna, á þátt í að sporna gegn fólksflótta af landsbyggðinni.

Lokið var við gerð 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í loka ársins 2003. Markmið rammaáætlunarinnar er að meta og flokka virkjunarkosti til raforkuframléiðslu, jafnt vatnsafls og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru og menningar-

minjar, svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Vinna við annan áfanga ætlanarinnar er hafin og er að því stefnt að ljúka því verkefni árið 2008.

Á undanförunum áratug hefur markvisst verið unnið að aukinni nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkulinda til að draga úr einhæfni atvinnulífs, skapa grundvöll fyrir erlenda fjárfestingu, styrkja atvinnulíf og byggð á landsbyggðinni. Á árabílinu 1995-2003 hefur raforkuframleiðsla hér á landi aukist um 70% og á næstu 3 árum mun raforkuframleiðsla enn aukast um 75% frá því sem er í dag. Á síðustu árum hefur raforkuframleiðsla með jarðhita margfaldast og mun áfram aukast stórlega á næstu árum. Miklir möguleikar eru á að nýta hita frá jarðvarmaorkuverum til iðnaðarframleiðslu og er það eitt brýnasta verkefni næstu ára. Rannsóknir á djúpbörnun að rótum háhitakerfa landsins eru hafnar. Talið er að gufuafli á slíku dýpi geti verið margfalt á við það afl sem fæst við virkjun hefðbundinna borhola.

Ef horft er fram í tímann er gert ráð fyrir að framleiðsla og notkun vetnis muni setja svip sinn á íslenskt samfélag. Við búum við þær aðstæður sem fáar þjóðir njóta, að geta framleitt vetni með endurnýjanlegum orkulindum. Íslendingar hafa náð ákveðnu forskoti sem þeir þurfa að halda og auka. Jafnframt þarf að efla rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði til að treysta grunninn sem hér er fyrir hendi.

Ný lög hafa verið sett um Orkustofnun, Íslenskar orkurannsóknir, niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og jöfnun dreifingarkostnaðar raforku. Ný raforkulög hafa verið sett þar sem innleidd er samkeppni í vinnslu og sölu raforku, en virku verðlags og gæðaeftirliti komið á flutning og dreifingu raforku. Fyrir Alþingi liggja frumvörp til laga um jarðrænar auðlindir og frumvarp að nýjum vatnalögum. Þá er unnið að gerð frumvarps um hitaveitur.

Unnið hefur verið að rannsóknum og þróun á nýjum orkugjöfum/orkuberum sem geta komið í stað jarðefnaeldsneytis innan fárra áratuga.

- **Ný raforkulög.** Sérstök raforkulög voru samþykkt á árinu 2003. Þau fela í sér nýja rammalöggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku, en engin heildstæð lög voru til á þessu sviði hér á landi áður. Meginefni laganna felst í að skilja í sundur eðlilega einkasölupætti raforkukerfisins, flutning og dreifingu, og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið, sem eru vinnsla og sala raforku. Þá taka lögin einnig til eftirlits með verðlagningu á einokunarþáttunum, flutningi og dreifingu svo og gæðum raforku. Þá fjalla lögin einnig um forsendur fyrir veitingu virkunarleyfa. Vorið 2004 voru samþykkt lög um breytingar á raforkulögum, sem fjölluðu um skipulag og uppbyggingu raforkuflutningskerfisins og jöfnun í því og dreifikerfinu. Í tengslum við þau lög voru lög samþykkt um jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku milli dreifbýlis annars vegna og þéttbýlis hins vegar.
- **Breytingar á eignarhaldi raforkuorkufyrirtækja.** Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri um að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Þetta er gert í ljósi nýrra raforkulaga sem fela í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Greiðslur fyrir eignarhlutana verða inntar af hendi á löngum tíma og renna beint til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna hvors um sig. Samningar skulu liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2005. Ríkið ráðgerir að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinar ríkið eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Undirbúningur að sameiningunni hefst nú þegar. Stefnt er að því að honum ljúki eigi síðar en 30. september 2005 og að sameiningin taki gildi 1. janúar 2006. Gert er ráð fyrir að sameinuðu fyrirtæki Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf. verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en á árinu 2008. Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu.
- **Lög um Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir.** Tvenn lög, annars vegar um Orkustofnun og hins vegar Íslenskar orkurannsóknir voru samþykkt á Alþingi vorið 2003.

Með þeim var skilið á milli stjórnsýslu orkumála annars vegar og opinberra orkurannsókna á samkeppnismarkaði hins vegar.

- **Endurskoðun laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.** Frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir liggur nú fyrir Alþingi, sem er endurskoðun á fyrirbyggjandi löggjöf um sama efni, en gengur lengra og nær til rannsókna og nýtingarleyfa á jarðhitavinnslu en einnig til rannsókna og nýtingar á vatnsorku. Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra vatnalaga, sem er endurskoðun á vatnalögum frá árinu 1923. Þá er unnið að gerð sérstaks frumvarps um hitaveitur, en heildstæða löggjöf skortir um þær hér á landi.
- **Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur undanfarin ár í samstarfi við Byggðastofnun og Orkusjóð, staðið fyrir jarðhitaleitarátaki á köldum svæðum. Markmið átaksins er að finna heitt vatn sem nýta mætti til húshitunar á þeim svæðum landsins sem búa við rafhitun eða jafnvel olíukyndingu. Nú er svo komið að um 90 af hundraði heimila í landinu búa við jarðvarmaveitu til húshitunar. Vorið 2004 gerði Alþingi breytingar á lögum sem fjalla um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Breytingar þessar heimila iðnaðar- og viðskiptaráðherra að veita allt að 5 af hundraði þess fjár sem árlega er varið til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar og til stofnstyrkja hitaveitna, í sérstakt jarhitaleitarátak á köldum svæðum. Ráðherra hefur nú ákveðið að standa fyrir slíku átaki á nýjan leik og að fela Orkustofnun framkvæmd átaksins. Jarðhitaleitarátak iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis 2004-2005 verður með svipuðu sniði og verið hefur en þó þannig að ekki verður leitað samstarfs við þá aðila er áður tóku þátt í því heldur verður átakið eingöngu á vegum ráðuneytisins.
- **Heimild veitt fyrir leit að olíu og gasi.** Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis á landgrunni Íslands voru forsendur þess að erlend olíuleitarfyrirtæki fengust til þess að fjármagna leit að olíu og gasi. Nú er unnið að gerð reglna um rannsóknir, þ.m.t. um rannsóknarboranir og vinnslu. Tvö leyfi hafa verið veitt til leitar, sem fyrst og fremst felast í jarðeðlisfræðilegum mælingum á nokkuð stórum svæðum til að afla þekkingar á jarðfræðilegri uppbyggingu hafsbotnsins. Rannsóknir, t.d. rannsóknarboranir eru margfalt dýrari en leitin. Leyfi til rannsókna fela í sér tímabundið sérleyfi á afmörkuðu svæði til að meta hvort vinnsla þar komi til greina. Vinnsluleyfi er enn víðtækara og nær m.a. yfir fagsvið margra annarra ráðuneyta, t.d. umhverfisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Undirbúningssvinnu fyrir veitingu leyfa til að vinna olíu gæti verið lokið á árinu 2007–2008.
- **Rammaáætlun fyrir nýjar virkjanir.** Unnið hefur verið að gerð rammaáætlunar um nýjar virkjanir frá árinu 1999. Í árslok kom út 1. áfangi að rammaáætlun þar sem skoðaðir og flokkaðir voru innbyrðis 35 virkjunarkostir miðað við hagkvæmni þeirra, áhrif þeirra á umhverfi, atvinnulíf og ferðamennsku. Rammaáætlun byggir á umfangsmiklum grunnrannsóknum og gagnaöflun um einstaka virkjunarkosti, sem fjórir faghópar hafa fjallað um og metið út frá sjónarmiðum náttúruverndar, ferðaþjónustu, byggða- og atvinnumálum, auk hagkvæmni einstakra virkjunarkosta. Sérstök verkefnisstjórn flokkaði síðan virkjunarkosti innbyrðis. Þá hefur verið unnið að, í samvinnu við Samorku, gerð stefnumörkunar í orkumálum Íslendinga til næstu framtíðar.
- **Áhersla á grunnrannsóknir vegna virkjanakosta.** Hlutverk ríkisins í orkurannsóknum hefur verið að sjá til þess að fyrir hendi séu á hverjum tíma nægar grunnrannsóknir á virkjunarkostum fyrir vatns- og varmaorkuver. Á undanförunum árum hafa rannsóknir ríkisins beinst að þeim kostum er hafa verið til umfjöllunar í rammaáætlun. Eitt þeirra verkefna sem hafnar eru undirbúningsrannsóknir á er djúpborun að rótum háhitakerfa landsins. Hér er um að ræða borun á um 5000 m djúpri rannsóknarholu til að kanna eiginleika bergs og jarðgufu nærri jarðhitarótum landsins. Talið er að gufuafl á slíku dýpi geti verið margfalt á við það afl sem fæst við virkjun hefðbundinna borhola, sem nýta jarðgufu á um 2500 m dýpi. Hér er um að ræða merka grunnrannsókn á hugsanlega stórauðinni nýtingu jarðvarma hér á landi á næstu áratugum og öldum.
- **Stóriðja.** Undir forystu iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur verið unnið ötullega að því að breyta ónýttum verðmætum sem fólgin eru í óbeislaðri orku fallvatna og jarðvarma í raunveruleg verðmæti. Þannig hefur á kjörtímabilinu verið unnið að framkvæmdum við

stærstu vatnsaflsvirkjun landsins og stærstu einstöku byggingaframkvæmd sögunnar, Kárahnjúkavirkjun og álver Fjarðaáls/Alcoa á Reyðarfirði. Er óhætt að fullyrða að framkvæmdirnar hafi blásið nýju lífi í athafnagleði og áræði um allt Norður- og Austurland. Ennfremur hefur verið lögð mikil vinna í aðkomu ráðuneytisins að stækkun Norðuráls á Grundartanga, sem komin er vel á veg, og í að kynna erlendum fjárfestum stóriðjukosti á Norðurlandi. Má vænta að til tíðinda dragi þar á yfirstandandi kjörtímabili.

- **Rannsóknir á nýjum orkugjöfum og orkuberum.** Á árinu 2004 var komið á laggirnar sérstakri skrifstofu hjá Orkustofnun til að hafa frumkvæði að vinnu við stefnumörkun stjórnvalda að aukinni notkun á vistvænu eldsneyti. Mikil þróun er erlendis við rannsóknir á mögulegum nýjum orkuberum í stað hefðbundins brennsluelsneysis, sem ljóst er að mun ganga til þurrðar á öldinni. Eðlilega beinast sjónir Íslendinga að endurnýjanlegum orkulindum sem framtíðarorkugjafa fyrir samgöngur og skipaflota þjóðarinnar. Stjórnvöld þurfa að móta stefnu í þessu efni til lengri framtíðar og sérstakur stýrihópur 6 ráðuneyta undir forystu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis leiðir þá vinnu í samstarfi við skrifstofuna.
- **Ráðstefna um vistvænt eldsneyti.** Unnið hefur verið að þróun og rannsóknum á nýjum orkugjöfum og orkuberum, svo sem vindorku, vetni og metanóli og lífrænum efnum Haldin var á liðnu hausti sérstök ráðstefna um vistvænt eldsneyti á vegum Orkustofnunar. Var ráðstefnan afar vel sótt.
- **Orkusparnaðaráttak.** Málefnum er varða orkusparnað og skilvirkari orkunotkun og nýtni hafa ekki fengið athygli sem skyldi hér á landi undanfarin ár. Nú hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við orkufyrirtæki ákveðið að koma á laggirnar orkusparnaðaráttaki sem mun einkum beinast að markvissri upplýsingagjöf til almennings um bættu notkun orkunnar á öllum sviðum samfélagsins.

Leikreglur viðskiptalífsins bætta

Viðskiptalífið hefur tekið gríðarlegum breytingum á síðustu árum. Fyrirtæki eru orðin öflugri og samkeppnishæfari en áður. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur einnig vakið mikla athygli. Segja má að íslenskt atvinnulíf sé sífellt að verða fjölbreyttara.

Tryggja þarf að umhverfi viðskiptalífsins sé skilvirkt en jafnframt sé þó neytendavernd í hvívetna höfð í heiðri. Lífskjör almennings og afkoma fyrirtækja byggist á heilbrigðri samkeppni um góða þjónustu, vöruúrval og lágt verð. Mikilvægt er að atvinnulífið lúti leikreglum sem örva samkeppni og hvetja um leið til hagræðingar og nýsköpunar. Þá þurfa neytendur að vera meðvitaðir um eigin réttindi.

- **Stefnumótun um viðskiptalífið.** Á kjörtímabilinu hefur mikil áhersla verið lögð á að bæta leikreglur viðskiptalífsins. Leitast hefur verið við að tryggja að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts. Til þess að bregðast við óæskilegum afleiðingum hringamyndunar og annarra samkeppnishamla lagði nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi til að eftirlit með samkeppni yrði skerpt, m.a. með því að gera skipulag samkeppnisyfirlalda skilvirkara og veita meira fjármagni til þeirra. Að þessu er unnið og frumvarp til nýrra samkeppnislaga er tilbúið til þinglegrar meðferðar.
- **Ný samkeppnislög.** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur látið vinna frumvarp að nýjum samkeppnislögum. Samkvæmt frumvarpinu verður skipulagi samkeppnisyfirlalda breytt og stjórnsýsla á sviði samkeppnismála einfölduð. Lagt er til að ný stofnun, Samkeppnis-eftirlitið, verði sett á fót og er henni ætlað að taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar og stórum hluta verkefna samkeppnisráðs. Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði skipuð þriggja manna stjórn sem mun móta áherslur í starfi Samkeppniseftirlitsins og fylgjast með starfsemi og rekstri þess. Í frumvarpinu eru einnig breytingatillögur sem leiða af aðild Íslands að EES-samningnum. Um er að ræða breytingar sem lúta að framkvæmd samkeppnisreglna og innleiðingu reglugerðar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

Frumvarpið felur einnig í sér heimild samkeppnisyfirvalda til skipulagsbreytinga á fyrirtækjum sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga eða hafa skapað aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

- **Neytendastofa.** Með lagasetningu og þátttöku í verkefnum hefur ráðuneytið lagt mikla áherslu á að efla neytendavernd og neytendavitund. Samhliða breytingum sem verða með nýjum samkeppnislögum verða lögð fram tvö frumvörp sem fela í sér breytingar á framkvæmd ákvæðanna um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Annars vegar er um að ræða frumvarp að lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda og hins vegar lagafrumvarp um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Samkvæmt frumvarpinu um Neytendastofu mun sú stofnun hafa með höndum eftirlit með lagaákvæðum sem snúa að neytendavernd og óréttmætum viðskiptaháttum en auk þess verða færðir til hennar málaflokkar sem heyra nú undir Löggildingarstofu.
- **Talsmaður neytenda.** Í tengslum við Neytendastofu er gert ráð fyrir að komið verði á fót embætti talsmanns neytenda sem hafi það hlutverk að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Hlutverk talsmanns neytenda felst m.a. í því að taka við kvörtunum vegna tiltekinna mála er varða neytendur, bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda, gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur, setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða neytendur sérstaklega og kynna löggjöf og aðrar réttarreglur um neytendamál.
- **Þjónustusamningur við Neytendasamtökin.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Neytendasamtökin hafa um árábil gert með sér samning þess efnis að ráðuneytið veiti Neytendasamtökunum fjárframlög til að sinna ýmiss konar þjónustu við neytendur, einkum á sviði upplýsinga- og kvörtunarþjónustu.
- **Norræna ráðherraráðið um neytendamál.** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra situr fyrir Íslands hönd í Norrænu ráðherraráði um neytendamál, MR-Konsument. Í september 2004 var haldinn ráðherrafundur á Akureyri þar sem samþykkt var ný samstarfsáætlun fyrir norrænt samstarf fyrir árin 2005–2010. Auk þess var samþykkt svonefnd Akureyrar-yfirlýsing um aukið samstarf við Eistland, Lettland og Litháen á sviði neytendamála. Jafnframt var norrænt samstarf endurskipulagt þannig að það verði eins skilvirkt og kostur er. Á vegum ráðherranefndarinnar starfar embættismannanefnd um neytendamál og tveir fastir starfshópar, stýrihópur um lögfræðileg málefni og stýrihópur um vöruöryggi. Jafnframt verða skipaðir sérstakir hópar til að vinna að ákveðnum afmörkuðum verkefnum þegar það á við.
- **Neyslustaðlar.** Meðal annarra verkefna sem unnin eru á sviði neytendamála má nefna að nýlega skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að vinna að gerð svonefndra neyslustaðla fyrir heimili og aðra aðila sem þarfnast upplýsinga um raunverulegan framfærslukostnað heimila. Að nefndinni koma fulltrúar nokkurra ráðuneyta og mun framkvæmd vinnunnar verða í höndum Rannsóknastofnunar á háskólasviði.
- **Endurskipulagning á starfsemi Löggildingarstofu.** Á árinu 2004 hefur verið unnið að endurskipulagningu á starfsemi Löggildingarstofu. Ný frumvörp hafa verið samin um öryggi vöru, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og um faggildingu og fleira. Nauðsynlegt er að endurnýja gildandi lagaumgjörð er varðar starfsemi Löggildingarstofu. Löggildingarstofa sinnir mikilvægu eftirliti á sviði rafmagnsöryggismála og eftirliti með almennu vöruöryggi og að mælingar séu í samræmi við kröfur laga á hverjum tíma og mælitækin löggild.
- **Bættir stjórnhættir fyrirtækja.** Nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi lagði til að reglum um stjórnhætti hlutafélaga í hlutafélagalögum yrði breytt í því skyni að bæta skilvirkni, auka minnihlutavernd, hluthafalyðræði og upplýsingagjöf og efla traust almennings. Tillögur um þetta efni liggja fyrir í drögum að frumvarpi.
- **Lagaumhverfi verðbréfamarkaðar.** Lagt hefur verið kapp á að breyta lagaumhverfi verðbréfamarkaðar með hliðsjón af breytingum á innri markaði Evrópu. Áhersla hefur

verið lögð á styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd. Á kjörtímabilinu tóku gildi ný lög um verðbréfavíðskipti. Lögin kveða á um hegðunarreglur á verðbréfamarkaði, t.d. um meðferð innherjaupplýsinga, almenn útboð, yfirtökutilboð og flöggunarreglur. Nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp um breytingu á verðbréfavíðskiptalögum, sem m.a. kveður á um strangari yfirtökureglur.

- **Aukið gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits.** Í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins verði aukið þannig að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að greina opinberlega frá athugunum sínum í tengslum við verðbréfavíðskipti.
- **Réttindi og skyldur í fjármálaþjónustu.** Mótuð hefur verið stefna um réttindi og skyldur í viðskiptum neytenda við fjármálaþjónustu. Lagt er til að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga verði útvíkkað svo að það nái til fleiri þátta lánveitinga en núgildandi samkomulag, og að fleiri en fjármálaþjónustugæfing verði aðilar að því. Lagt er til að samkomulagið verði síðan endurskoðað að tveimur árum liðnum og þá verði hugað að því að setja hluta ákvæða þess í lög. Með því að setja ákvæði sem reynsla er komin á inn í lög um neytendalán, sér í lagi um upplýsingagjöf, standa neytendur á traustari grunni gagnvart lánveitendum, sem óneitanlega hafa sterkari stöðu í samningum við almenna neytendur. Um þessar mundir er verið að vinna að gerð samkomulagsins.
- **Ný lög um váttryggingarsamninga.** Á kjörtímabilinu hafa verið samþykkt ný lög um váttryggingarsamninga. Lögin gera ráð fyrir að rík upplýsingaskylda sé lögð á báða aðila, þ.e. váttryggingartaka (neytandann) og váttryggjanda (félagið) en eldri lög lögðu þessa kvöð fyrst og fremst á neytandann. Hugmyndafræðin á bak við lögin er aukin neytendavernd og leggja þau auknar kröfur á váttryggjendur hvað varðar upplýsingagjöf, jafnframt því sem ekki er slakað á upplýsingagjöf váttryggingartaka til váttryggjenda. Meðal nýmæla í lögnum má nefna að þau takmarka rétt váttryggjanda til þess að nýta sér erfðafræðilegar upplýsingar til þess að reyna að áætla líkindi þess að váttryggingartaki þrói með sér tiltekinn sjúkdóm einhvern tímann í framtíðinni. Þá eru í lögnum ítarlegar reglur um váttryggingarskírteini og hvað það þurfi að innihalda, svo og um áhrif þess að tiltekin atriði vanti í það.
- **Evrópufélagið (evrópska hlutafélagið).** Hinn 8. október 2004 tóku gildi hér á landi lög nr. 26/2004 um Evrópufélög, svo og lög nr. 27/2004 um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Hér á landi heyrir reglugerðin um Evrópufélögin undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti en tilskipunin um aðild starfsmanna að Evrópufélögum undir félagsmálaráðuneytið. Með reglugerðinni er félögum sem starfa í meira en einu aðildarríki Evrópusambandsins gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum og geta þau þá starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skrifinnsku og eykur samkeppnishæfi félaga. Unnt er að setja Evrópufélagið á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga.
- **Rannsóknarsetur verslunarinnar.** Í október árið 2004 undirritaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra samstarfssamning um rannsóknarsetur verslunarinnar en að setrinu standa Samtök verslunar og þjónustu, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og verslunarþjónustugæfing í landinu. Pokasjóður verslunarinnar styrkir einnig verkefnið. Tilgangur rannsóknarsetursins er að afla hagnýtra upplýsinga um þróun verslunar í landinu sem fyrirtækin þurfa á að halda, svo og stofnanir og samtök sem þjóna atvinnulífinu. Einnig verða gerðar áætlanir um framtíðarhorfur í starfsgreininni, stundaðar rannsóknir og gerðar úttektir. Rannsóknasetrið mun auk þess hafa umsjón með kennslu á háskólastigi í fögum sem tengjast rannsóknarviði þess, en engin slík kennsla er í boði hérlendis í dag. Ætlunin með rannsóknarsetrinu er að efla fagmennsku í verslunarrekstri sem kemur bæði starfsgreininni og neytendum til góða.
- **Starfsskilyrði kvikmyndaiðnaðar bætt.** Mikil gróska hefur verið í framleiðslu kvikmynda hér á landi hin seinni ár. Hafa erlendir, jafnt sem innlendir, kvikmyndaframleiðendur gripið fegins hendi þau tækifæri sem opnast hafa með því endurgreiðslufyrirkomulagi sem ráðuneytið hefur boðið upp á. Það gengur út á það að kvikmyndaframleiðendur fá 12%

heilðarframleiðslukostnaðar endurgreiddan úr ríkissjóði vegna framleiðslu kvikmyndar sem framleidd er hér á landi. Þegar þetta er ritað hefur 21 verkefni hlotið endurgreiðslu og nemur sú fjárhæð tæpum 210 milljónum. Þá hefur 20 verkefnum til viðbótar verið gefið vilyrði fyrir endurgreiðslum og er áætluð fjárhæð þeirra rúmar 401 milljón króna. Má áætla að velta hér á landi vegna þessa 41 verkefnis nemi rúmum 5 milljörðum króna.

- **Erlendar fjárfestingar.** Á kjörtímabilinu var áfram unnið að kynningu á fjárfestingarvalkostum á Íslandi. Ráðuneytið tók þátt í gerð gagnkvæmra samninga um vernd fjárfestinga við nokkur ríki svo og fríverslunarsamninga. Hafa slíkir samningar löngu sannað gildi sitt með lægri tollum, auknum viðskiptatækifærum og öruggara umhverfi fjárfestinga.
- **Fjölgun kvenna í stjórnum fyrirtækja.** Konur hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Þátttaka íslenskra kvenna í stjórn fyrirtækja hérlendis er hins vegar minni en í nær öllum löndum sem við berum okkur saman við. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að íslensk fyrirtæki skoði möguleg tækifæri fyrir konur í stjórn þeirra og taki upp betri hætti. Þannig geta fyrirtækin sjálf tekið sig á í þessum efnunum í stað þess að lagasetningu sé beitt.
- **Staða kvenna í þekkingar- og upplýsingatækni og í stjórnun og rekstri fyrirtækja.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur beitt sér fyrir aukinni þátttöku kvenna í atvinnurekstri. Könnun nefndar sem starfaði á vegum ráðuneytisins fyrir nokkrum árum síðan og fjallaði um atvinnurekstur kvenna leiddi í ljós að konur reka einungis 18% íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að staðan hafi sjálfsagt heldur batnað á síðustu árum er þetta mjög lágt hlutfall ef miðað er við að atvinnuþátttaka kvenna er meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Þessu er mikilvægt að breyta, m.a. vegna þess að rannsóknir hafa leitt í ljós að fyrirtæki þar sem konur eru við stjórn fara síður í þrot en þau sem rekin eru af körlum.
- **Þjónusta við konur í atvinnurekstri.** Impra er þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja hjá löntæknistofnun. Lögð er sérstök áhersla á það hjá Impru að veita konum sem hygga á atvinnurekstur aðstoð við stofnun fyrirtækis. Tilgangurinn er fyrst og fremst að gera konur færari um að vinna að hugmynd sinni, leiðbeina þeim um hvar hægt sé að afla sér frekari þekkingar og koma á samstarfsneti milli kvenna í sambærilegri stöðu. Konur sem þegar eru í atvinnurekstri geta einnig fengið leiðsögn varðandi framtíðarmöguleika fyrirtækja sinna. Handleiðsla við konur í atvinnurekstri miðar að því að veita persónulegan stuðning og hvatningu og auka hæfni þeirra í áætlanagerð og stjórnun og koma á samstarfi kvenna í atvinnurekstri.
- **Lánatryggingarsjóður kvenna.** Lánatryggingarsjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánunum. Markmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helming lána sem þær taka hjá Landsbanka Íslands til að fjármagna tiltekið verkefni. Ábyrgðin er veitt á grundvelli mats á arðsemi viðskiptahugmyndarinnar. Sjóðurinn var stofnaður árið 1997. Gerð var úttekt á starfi sjóðsins þegar hann hafði starfað í þrjú ár. Megin niðurstaðan var sú að konur spjörðu sig ekki síður, eða jafnvel betur, en karlar í atvinnurekstri, væri ábyrgari lántakendur, undirbyggju rekstur sinn betur og hefðu almennt betri yfirsýn yfir fjármál sín.
- **Brautargengi.** Brautargengi hóf göngu sína árið 1996, en það er 15 vikna námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja, haldið tvisvar á ári, fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd. Á þriðja hundrað konur hafa lokið Brautargengi og skrifað heildstæða viðskiptaáætlun í kringum viðskiptahugmynd sína. Samkvæmt niðurstöðum könnunar á árangri Brautargengis eru nú 50-60% þeirra kvenna sem lokið hafa Brautargengi með fyrirtæki í rekstri og telja flestar að námskeiðið hafi skipt mjög miklu máli varðandi það hvort þær færu af stað með rekstur. Einnig telur mikill meirihluti þeirra að þær séu mun hæfari stjórnendur eftir að hafa lokið náminu. Flest þeirra fyrirtækja sem konurnar hafa stofnað eru með 10 starfsmenn eða færri en þó eru nokkur með yfir 30 starfsmenn. Brautargengi er haldið til þess að hvetja konur til framgangs í íslensku viðskiptalífi og stuðla að jafnvægi í fyrirtækjarekstri milli karla og

kvenna. Impra stendur fyrir námskeiðinu með stuðningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Haustið 2003 var Brautargengi haldið í tífunda sinn og þá í fyrsta skipti á landsbyggðinni en samkennt var á milli Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaðar.

- **Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.** Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Sjóðnum er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Ráðuneytið hefur hvatt stjórn sjóðsins til að gæta þess að með almennri starfsemi sinni styðji sjóðurinn við atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra fyrir þær.